



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 28. mars 2007

Tilvísun: UST20070200205/sf

## Jarðgöng á leiðinni Bolungarvík - Ísafjörður. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 23. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdirnar.

### Valkostir

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að í skýrslu frá 2006 sem Vegagerðin vann var fjallað um fimm mögulegar jarðgangaleiðir á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar, þ.e. Seljadalsleið, göng um Óshlíð (tvenn stutt göng), Skarfaskersleið, Hnífsdalsleið og Tungudalsleið. Einnig kemur fram að það hafi verið niðurstaða skýrslunnar að þrjár af þessum leiðum hafi komið til greina. Í tilkynningu framkvæmdaraðila er því fjallað um 3 valkosti, þ.e. svokallaða Seljadalsleið, Skarfaskersleið og Hnífsdalsleið. Ekki kemur fram hvaða leið er líklegust til að verða fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt hefði verið að fram kæmi hvers vegna talið er að þrjár ofangreindar leiðir komi til greina en ekki aðrar leiðir sem athugaðar hafa verið. Jafnframt hefði verði æskilegt að fram kæmi hvaða leið er líklegust til að verða fyrir valinu.

### Áhrifasvæði framkvæmdar

Í tilkynningu um framkvæmdina segir m.a. að áhrifasvæði vegagerðar sé bundið við það svæði sem raskast við veginn og sé oft talað um 15 m öryggissvæði sitt hvorum megin vegar. Umhverfisstofnun óskar eftir upplýsingum um hvaðan sú tala er fengin.

### Haugsvæði/landmótun

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að eftir eigi að ákveða endanlega staðsetningu haugsetninga og verði það gert með tilliti til aðstæðna á hverjum stað.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar felast meðal annars í sjónrænum áhrifum vegna vegagerðar annars vegar og haugsetningar útmokturs úr göngunum hins vegar. Góð hönnun vega og góð staðsetning hauga geta dregið verulega úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telur því að gera þurfi

frekari grein fyrir skeringum og landmótun vegna skeringa á öllum veglínunum, sem og staðsetningu og útliti hauga. Huga þarf að haugsetningu til frambúðar á ónothæfu efni og haugsetningu til skemmri tíma á nothæfu efni þar sem svigrúm verði til að vinna og lagera efni. Jafnframt þarf að tilgreina hversu mikið efni verður varpað í hafið ef sá kostur verður valinn.

### Efnistaka

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur m.a. fram að þar sem allt efni í vegina fáist úr skeringum og úr göngum sé ekki gert ráð fyrir námum. Hugsanlega þurfi samt eitthvað efni í upphafi framkvæmdar til að styrkja slóða en það ætti að vera lítið. Fram kemur að efni í slóða fáist úr þekktum námum í Óshlíðinni.

Umhverfisstofnun telur að leggja eigi fram upplýsingar um hvaða námur um er að ræða og hvað áætlað er að mikið efni þurfi úr þeim.

### Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar einkennist um of af óvissu, sbr. m.a. eftirfarandi (sjá tilgreinda kafla í tilkynningu um framkvæmdina):

1. Með Hnífsdalsleið þarf brú á Syðradalsvatn og verður hún nógu löng til að ekki myndist hindrun og mikill straumur. **Í fyrstu áætlun** er talið að 12-16 m brú sé nægjanleg.... Í Hnífsdal er talið nægjanlegt að setja stórt ræsi (stokkur) í Hnífsdalsána en **hugsanlega** mun myndast lítið lón fyrir innan það í mestum flóðum (kafla 3.2).
2. Samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina eru stundaðar bæði stangveiði og netaveiði í Syðradalsvatni. Þar segir þó einnig að vegagerð yfir vatnið **ætti að hafa lítil áhrif á veiði**.
3. Vegagerðin mun skerða **eitthvað** af æfingasvæði golfvallar og **hugsanlega** verður það ónothæft vegna nálægðar við veginn (kafla 4.1.3).
4. Áhrif vegagerðar á milli Ósbæjanna **yrðu líklega** lítil á fugla (kafla 4.6.3).
5. Vegna losunar efnis í sjó verða **hugsanlega einhver** tímabundin áhrif og yrðu þau fyrst og fremst á fæðustöðvar þar sem mikið grugg verður á svæðinu (kafla 4.6.3).
6. **Óvíst** er hvort vegagerð hafi áhrif á fuglalíf á vatninu [Syðradalsvatni] en **væntanlega** yrðu þau ekki mikil (kafla 4.6.4).

Umhverfisstofnun telur þörf á ítarlegri rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu að ekki séu líkur á að framkvæmdirnar hafi í för með sér umtalsverð áhrif á náttúrufar.

### Votlendi

Fyrirhugaðar framkvæmdir munu liggja um svæði þar sem votlendi er að finna. Samkvæmt gögnum um framkvæmdina er votlendi á svæðinu eftirfarandi: Syðradalsvatn, votlendi við Hnífsdalsá og tjarnir sem mynduðust við gerð flugvallarins í Bolungarvík.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri, sérstakrar verndar. Einnig njóta verndar mýrar og flóar, sem eru 3 ha að stærð eða stærri.

Í tilkynningu um framkvæmdina segir m.a. að ef votlendi fari undir veg séu möguleikar á

mótvægisáðgerð að moka ofan í framræsluskurði.

Umhverfisstofnun telur að liggja verði fyrir hvort votlendi raskist og þá hvers konar votlendi og hversu mikið. Einnig þurfi að liggja fyrir hvort fyrirhugað er að ráðast í endurheimt votlendis. Stofnunin vekur þó athygli á að möguleikinn á að endurheimta votlendi á ekki að stuðla að röskun náttúrulegs votlendis heldur er slík endurheimt einungis mótvægisáðgerð ef ekki er hægt að komast hjá því að votlendi sé raskað.

### **Gróður**

Í tilkynningu framkvæmdaraðila segir m.a.:

*„Tvær alfriðaðar tegundir eggvívlaðka og ferlaufungur hafa fundist á svæðinu í 10x10 km reitum sem Náttúrufræðistofnun skráir í. Hvorug þessara plantna er í útrýmingarhættu þó sjaldgæfar séu. Af kjörlendi þessara plantna má ráða að ólíklegt sé að þær séu í veglínunum.“*

Ferlaufungur (ferlaufasmári) og eggvívlaðka eru tegundir sem eru friðlýstar samkvæmt auglýsingu nr. 184/1978 um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda. Samkvæmt auglýsingunni er lagt bann við að slíta af þessum plöntum sprota, blöð, blóm eða rætur, traðka á þeim, grafa þær upp eða skerða á annan hátt. Þessar tegundir eru jafnframt á valista sem tegundir í nokkurri hættu. Umhverfisstofnun telur því að gera verði þá kröfu að það liggi ljóst fyrir hvort framangreindum tegundum verði raskað vegna framkvæmdanna.

### **Fuglalíf**

Samkvæmt upplýsingum í tilkynningu framkvæmdaraðila er á áhrifasvæði framkvæmdarinnar að finna búsvæði fugla sem eru á valista. Umhverfisstofnun telur að gera hefði þurft sérstaklega grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á þær tegundir fugla sem eru á valista og það þurfi t.d. að vera skýrt hvort framkvæmdirnar muni raska varpsvæðum þeirra tegunda.

### **Vatnsból**

Í tilkynningu um framkvæmdina segir m.a.:

*„Vatnsból fyrir Ós er fyrir innan og ofan bæinn. Hugsanlegt er að framkvæmdir verði nálægt vatnsbólunni eða raski því með Seljadals- eða Skarfadalsleið. Vegagerðin mun leita úrbóta í samráði við landeigendur ef raska þarf vatnsbólunni.“*

Umhverfisstofnun telur að liggja eigi fyrir upplýsingar um það hvort framkvæmdirnar munu raska vatnsbólunni áður en afstaða er tekin til framkvæmdanna og ef svo er, til hvaða ráðstafana verður gripið. Að öðrum kosti sé ekki hægt að meta að fullu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

### **Hljóðvist**

Samkvæmt hljóðvistarútreikningum verður jafngildishljóðstigið 55-56 dB(A) miðað við 1000 ÁDU (áætluð umferð) við hús við veg í gegnum Hnífsdal ef lögð verða jarðgöng skv. Seljadalsleið eða Skarfaskersleið. Í tilkynningu segir að samkvæmt reglugerðinni (reglugerð um hávaða) séu frávik upp í 65 dB(A) ef veruleg breyting verður á umferð í byggð sem væri þá í þessu tilviki.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki er rétt að vísa til framangreinds fráviks. Viðmiðunargildi fyrir íbúðarbyggð í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða er 55 dB(A) og því verður hljóðstig við þau mörk skv. útreikningum og innan skekkjumarka. Ef hljóðstig verður hærra þarf að sækja sérstaklega um undanþágu.


## Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að leggja verði fram ítarlegri upplýsingar um framkvæmdir og áhrif þeirra á umhverfið, sbr. athugasemdir hér að framan, til að unnt sé að meta hvort líkur séu á því að framkvæmdirnar hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,



Helgi Jensson  
forstöðumaður



Sigurrós Friðriksdóttir  
fagstjóri